

21. september 2011

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 20. ágúst 2011 gerðu Fjármálaeftirlitið og Lánasjóður sveitarfélaga ohf. með sér sátt vegna brots sjóðsins á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Lánasjóður sveitarfélaga ohf., sem útgefandi skráðra skuldabréfa, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl., með því að hafa ekki skilað listum yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum til Fjármálaeftirlitsins innan tilskilins frests þrátt fyrir áminningu þar um.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 400.000,-.